
Mannamót Markaðsstofanna - Skráning í fullum gangi! ✨

From Árdís Erna Halldórsdóttir <ardis@south.is>

Date Tue 2025-12-09 14:08

To Markaðsstofa Suðurlands <info@south.is>

Komið sæl kærur samstarfsfélagar

Við minnum á að skráning á Mannamót Markaðsstofa landshlutanna er í fullum gangi!

Viðburðurinn, sem er sá fjölmennasti í íslenskri ferðaþjónustu, verður haldinn í Kórnum í Kópavogi fimmtudaginn 15. janúar 2026 frá klukkan 12 til 17. Tilgangur Mannamóta er að kynna landsbyggðarfyrirtæki fyrir ferðaþjónustufólki sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem hægt að kynnast betur fólki í ferðaþjónustu og þeim fjölmörgu fagaðilum sem koma á Mannamót.

Mannamót hluti af Ferðaþjónustuvikunni

Dagarnir 13. – 15. janúar 2026 verða helgaðir ferðaþjónustu. Þá verður lögð áhersla á að auka vitund um mikilvægi ferðaþjónustu og efla samstarf og fagmennsku í greininni með fróðlegri og skemmtilegri dagskrá undir merkjum [Ferðaþjónustuvikunnar](#).

Aðstandendur Ferðaþjónustuvikunnar eru Markaðsstofur landshlutanna, Íslenski ferðaklasinn, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofa og Íslandsstofa.

Athugið að aðeins samstarfsfyrirtækjum Markaðsstofa landshlutanna gefst kostur á að skrá sig á Mannamót til þess að sýna og kynna sitt fyrirtæki.

Skráningu sýnenda lýkur þann 18. desember 2025. Verð fyrir sýnendur er kr. 34.900+ vsk.

Smelltu á þennan hlekk til að *skrá þig sem sýnanda*: [Skráning sýnenda 2026 | Markaðsstofur landshlutanna](#)

Smelltu hér fyrir *upplýsingasiðu fyrir sýnendur*: [Upplýsingar til sýnenda | Markaðsstofur landshlutanna](#)

Hér er tengill á heimasíðu Mannamóta:

[Mannamót Markaðsstofa landshlutanna | Markaðsstofur landshlutanna](#)

Endilega hafið samband við okkur ef þið hafið frekari spurningar um viðburðinn.

Með bestu kveðju | Best regards

Árdís Erna Halldórsdóttir

Verkefnastjóri | Project Manager

Markaðsstofa Suðurlands | Visit South Iceland

Fjölheimar, Tryggvagata 13, 800 Selfoss

+354 560 2052 | ardis@south.is

www.south.is



**Markaðsstofa
Suðurlands**
Visit South Iceland